



Skorradalshreppur

SIÐAREGLUR

Kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum Skorradalshrepps

1.gr.

Markmið

Markmið þessara reglna er að skilgreina og leiðbeina kjörnum fulltrúum um það hátterni og viðmót sem ætlast er til að þeir sýni af sér við störf sín í þágu Skorradalshrepps. Siðareglurnar ná til allra kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa og annarra sem sitja í nefndum, ráðum og starfshópum sem og varamanna þeirra (hér eftir nefndir einu nafni kjörnir fulltrúar).

2.gr

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Skorradalshrepps, sem og sannfæringu sinni. Þeim ber að starfa í þágu íbúanna og ber því ávallt að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa.

Þeim ber að hafa í heiðri ítrустu kröfur um ráðvendni, heiðarleika og réttlæti í störum sínum í þágu sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þm.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grundsemadir um að annað en lögmæt og málefna leg sjónarmið ráði för við stjórn Skorradalshrepps.

3.gr

Valdamörk

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Skorradalshrepps.
Þeim sýna störum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Skorradalshrepps virðingu.

J E E C K N D H R J



Skorradalshreppur

9.gr.

Að virða hlutverk starfsmanna

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk/valdsvið starfsfólks. Kjörnir fulltrúar mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum þeim eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

10.gr.

Stöðuveitingar

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginiu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

11.gr.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar sem yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólk sveitarfélagsins, almenningi á heimasíðu sveitarfélagsins og annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Þannig samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skorradalshrepps 1. ágúst 2023

Jón Einarsson
Gudrún Ólafsdóttir
Kristn Jónsdóttir
Ólafur Ólafsson
Pál Ólafsson